

# Eftirfylgni: *Landhelgisgæsla Íslands: Verkefni erlendis*

## Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sem stofnunin beindi til innanríkisráðuneytis (nú dómsmálaráðuneyti) árið 2015. Hún laut að því að ráðuneytið þyrfti að hafa markvisst eftirlit með því að erlend verkefni Landhelgisgæslu Íslands yrðu ekki það umsvifamikil að stofnunin gæti ekki sinnt hlutverki sínu hér við land í samræmi við lög og markaða stefnu.

Ráðuneytið hefur að mati Ríkisendurskoðunar brugðist við ábendingunni með viðunandi hætti. Breytingu á lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands (verkefni erlendis) frá desember 2015 er ætlað að styrkja markvisst eftirlit ráðuneytisins með því að verkefni séu ekki það umsvifamikil að Landhelgisgæslan geti ekki sinnt hlutverki sínu hér við land. Þá þarf ráðherra samkvæmt lagabreytingunni að gefa samþykki sitt fyrir þátttöku stofnunarinnar í slíkum verkefnum.

## Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2012

Í skýrslunni [Landhelgisgæsla Íslands: Verkefni erlendis](#) (2012) leitaðist Ríkisendurskoðun við að meta fjárhagsleg og fagleg áhrif erlendra verkefna Landhelgisgæslunnar árin 2010 og 2011 á innlenda starfsemi hennar. Meðal annars var bent á að samdráttur í fjárveitingum og vinna við erlend verkefni hefðu dregið úr lögbundinni þjónustu Landhelgisgæslunnar hér á landi, einkum yfir sumartímenn. Ríkisendurskoðun beindi þremur ábendingum til innanríkisráðuneytis og tveimur til Landhelgisgæslunnar.

## Ábending árið 2015

Í skýrslunni [Eftirfylgni: Landhelgisgæsla Íslands: Verkefni erlendis](#) (2015) ítrekaði Ríkisendurskoðun eina ábendingu til innanríkisráðuneytis. Óljóst væri með hvaða hætti ráðuneytið hygðist sinna markvissu eftirliti með erlendum verkefnum Landhelgisgæslunnar svo að þau yrðu ekki það umsvifamikil að stofnunin næði ekki að sinna hlutverki sínu hér við land í samræmi við lög og markaða stefnu.

Í viðbrögðum innanríkisráðuneytis við ábendingunni kom fram að ráðuneytið hefði hafið vinnu að undirbúningi breytinga á lögum um Landhelgisgæslu Íslands. Það væri meðal

annars gert í þeim tilgangi að skýra lagaheimildir stofnunarinnar til að taka þátt í samstarfsverkefnum erlendis og skýra þá umgjörð sem henni er sett við þátttöku í slíkum verkefnum. Til álita kæmi að áskilja að áður en stofnunin féllist á þátttöku í verkefnum erlendis myndi hún gera ráðherra grein fyrir þeim og umfangi þeirra. Einnig myndi hún vinna sérstakt hættumat vegna þeirra með tilliti til annars vegar öryggis áhafnar og tækjakosts og hins vegar með tilliti til öryggis- og þjónustustigs á starfssvæði Landhelgisgæslunnar.

## Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2018

Í nóvember 2017 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að dómsmálaráðuneyti upplýsti hvort brugðist hefði verið við ábendingunni, hvenær og með hvaða hætti. Svör bárust í lok janúar 2018.

Í svari sínu benti dómsmálaráðuneyti á að það hefði brugðist við ábendingunni með því að vinna frumvarp til laga um breytingar á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006. Í frumvarpinu var lagt til að bæta tveimur málslíðum við 2. mgr. 5. gr. laganna sem fjallar um samningsbundin þjónustuverkefni stofnunarinnar. Viðbótin hljóðaði svo að Landhelgisgæslunni yrði heimilt að fengnu samþykki ráðherra að taka þátt í samstarfsverkefnum erlendis, enda yrðu slík verkefni ekki það umsvifamikil að stofnunin fengi ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögnum. Landhelgisgæslan skyldi gera ráðherra grein fyrir verkefnum og umfangi þeirra ásamt hættumati.

Ráðuneytið benti í svari sínu á að frumvarpið hefði ekki tekið breytingum í meðferð Alþingis. Í umfjöllun allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis í nóvember 2015 kom fram að verkefni á alþjóðavettvangi hefðu að mati Landhelgisgæslunnar verið mikilvæg og gert stofnuninni kleift að þjálfa starfsfólk og þróa þekkingu þess. Nefndin tók undir þessi sjónarmið en áréttaði að verkefni mættu ekki hafa áhrif á þá grunnþjónustu sem stofnuninni bæri að veita við lög-gæslu og öryggi við Ísland.

Ofangreind breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands var samþykkt á Alþingi 8. desember 2015. Samkvæmt henni

þarf ráðherra að samþykkja þátttöku stofnunarinnar í samstarfsverkefnum erlendis og er henni óheimilt að taka að sér það umsvifamikil verkefni að hún fái ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Markvissara eftirlit með starfsemi stofnunarinnar hefur því verið lögfest.

Dómsmálaráðuneyti benti einnig á að í greinargerð með frumvarpinu hafi komið fram að markmið lagabreytingarinnar væri að kveða skýrt á um heimild Landhelgisgæslu Íslands til að taka að sér verkefni erlendis, meðal annars í ljósi þess að umfang slíkra verkefna hefði aukist mikið frá og með árinu 2010.

Samkvæmt svari ráðuneytisins hefur það ásamt Landhelgisgæslunni unnið í samræmi við nýja lagaákvæðið. Stofnunin hafi leitað eftir afstöðu ráðuneytisins þegar henni hafi boðist að taka að sér erlend verkefni, lagt fram hættumat vegna þeirra og metið hvaða áhrif þau kynnu að hafa á þær lögbundnu skyldur sem Landhelgisgæslan hefur. Lagabreytingin hafi þannig styrkt markvisst eftirlit ráðuneytisins með því að verkefni yrðu ekki það umfangsmikil eða þess eðlis að stofnunin fái ekki sinnt þeirri grunnþjónustu sem hún á að veita hér við land lögum samkvæmt. Við afgreiðslu erinda Landhelgisgæslunnar hafi ráðuneytið jafnan gætt að almannahagsmunum og hagsmunum þeirra sem treysti hvað mest á að stofnunin sinni lögbundnum verkefnum sínum innan íslenskrar lögsögu. Samstarf við Landhelgisgæsluna um þessi mál hafi verið gott og lagabreytingin orðið til þess að mat á hinum erlendu verkefnum hverju sinni hafi verið í skýrum farvegi.

Ríkisendurskoðun telur að með lagabreytingunni hafi dómsmálaráðuneyti komið til móts við ítrekaða ábendingu stofnunarinnar frá árinu 2015.

## Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Dómsmálaráðuneyti og Landhelgisgæsla Íslands fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.